

C97:06

Skýrsla nr. C97:06

Veiðigjald og skattbyrði byggðarlaga

Skýrsla til sjávarútvegsráðuneytisins

Apríl 1997

A KI

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

4to
330
+ 338.322
+ 336.228
Háis

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C97:06

Veiðigjald og skattbyrði byggðarlaga

Skýrsla til sjávarútvegsráðuneytisins

Apríl 1997

A Kjí

Formáli

Með samningi við sjávarútvegsráðuneytið í apríl 1997 tók Hagfræðistofnun að sér að gera lauslega athugun á því, hvernig skattbyrði eftir landshlutum og byggðarlögum, kynni að breytast í kjölfar þess að upp yrði tekið svokallað veiðigjald. Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður þeirrar athugunar.

Rétt er að taka það fram, að viðfangsefnið er nokkuð margþætt. Meðal annars ber að hafa í huga, að skattkerfi landsmanna er flókið og veiðigjald er unnt að leggja á með ýmsum hætti. Á hinn bóginn er hér ekki um yfirgripsmikla athugun að ræða. Meðfylgjandi skýrsla getur því ekki falið í sér endanlegar niðurstöður um áhrif veiðigjalds á skattbyrði eftir landshlutum. Á hinn bóginn er vonast til þess að hún gefi sæmilega réttvísandi mynd af þeim áhrifum.

Að athugun þessari unnu einkum þeir Ragnar Árnason prófessor og Birgir Þór Runólfsson dósent. Magnús Pálmi Örnólfsson hagfræðinemi aðstoðaði við gagnavinnu og Dr. Ásgeir Daníelsson hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun las skýrsluna yfir og kom með margar gagnlegar ábendingar.

Hagfræðistofnun 30 apríl, 1997

Tryggi Þ. Herbertsson

Tryggi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.


Efnisyfirlit

Bls.

Yfirlit	5
1. Inngangur	7
2. Ýmsar forsendur reikninganna	9
3. Gagnaefni	10
4. Helstu niðurstöður	12
4.1 Landshlutar	12
4.2 Sveitarfélög	18
Viðauki 1: Landshlutar	23
Viðauki 2: Sveitarfélög	27

Yfirlit

- Veiðgjald, sem lagt yrði á sjávarútveg og innheimt í ríkissjóð, myndi breyta hlutfallslegri skattbyrði byggðarlaga miðað við það sem nú er. Sama máli geginir að sjálfsögðu um veiðgjald, sem lagt yrði á með öðrum hætti, t.d. upptöku hluta veiðiheimilda árlega og endursölu þeirra.
- Gildir í því efni einu, hvort veiðigjald kæmi í stað annarra skatta eða ekki. Kæmi það í stað annarra skatta myndi skattbyrði sumra byggðarlaga lækka en annarra hækka. Ef aðrir skattar lækkuðu ekki, myndi skattbyrði byggðarlaga hækka mismikið en engra lækka.
- Ástæðan fyrir þessari niðurstöðu er sú, að sjávarútvegur er ákaflega misveigamikill í atvinnulífi hinna ýmsu byggðarlaga. Í sumum sveitarfélögum er t.a.m. enginn sjávarútvegur. Í öðrum byggist atvinnulífið nær einvörðungu á sjávarútvegi. Allir landshlutar byggja hins vegar í ríku, en mismiklu, mæli á sjávarútvegi.
- Álagning veiðigjalds með ofangreindum hætti felur því í sér þyngrí skattbyrði á þau byggðarlög, þar sem sjávarútvegur er nú tiltölulega veigamikill. Þessi byggðarlög munu m.ö.o. greiða stærri huta af samneyslu landsmanna en nú er.
- Útreikningar benda til þess, að sé tekjuskattur lækkaðir til jafns við tekjur af veiðigaldi muni heildarskattgreiðslur Reykjavíkur og Reykjaness í ríkissjóð lækka í kjölfar veiðigjalds, en heildarskattgreiðslur allra annarra landshluta hækka.
- Stærð þessara breytinga í hlutfallslegri skattbyrði byggðarlaga, ræðst fyrst og fremst af upphæð veiðigjaldsins. Miðað við þær upphæðir, sem oft eru nefndar í þessu samhengi, þ.e. veiðigjald upp á 6-20 milljarða kr. árlega, er þó ljóst að umrædd breyting í hlutfallslegri skattbyrði byggðarlaga getur verið mjög veruleg.
- Til að varpa frekara ljósi á þær stærðargráður, sem hér gæti verið um að ræða, er í eftirfarandi línumriti sýndar hlutfallslegar breytingar í heildarskattgreiðslum landshlutanna miðað við núverandi tekjuskattsgreiðslur (1995), ef til veiðigjalds myndi koma með tilsvarandi lækkun tekjuskatts.



MYND A. *Hlutfallsleg breyting skattbyrði m.v. tekjuskatt (Veiðigjald 6 og 16 milljarða kr. Tekjuskattur lækkaður samsvarandi. Skattaár 1995)*

- Breytingar í hlutfallslegri skattbyrði á milli einstakra sveitarfélaga geta verið mun stærri í sniðum en breytingar á milli landshluta. Í sumum sveitarfélögum, þar sem sjávarútvegur er ekki til staðar, gætu samanlagðar veiðigjalds- og nettó tekjuskattsgreiðslur minnkað um 70% eða meira. Í öðrum, þar sem sjávarútvegur er veigamikill, og tekjuskattur lágor, gætu samanlagðar veiðigjalds- og nettótekjuskattsgreiðslur aukist um mörg hundruð prósent.
- Það er umhugsunarvert, að þær breytingar í hlutfallslegri skattbyrði, sem hér um ræðir, eru í stórum dráttum frá Reykjavíkursvæðinu til landsbyggðarinnar. Þ.e.a.s. skattbyrði þéttbýlisins á suð-vesturhorni landsins minnkar á kostnað skattbyrðarinnar í dreifbýlinu. Þessar breytingar eru í mótsögn við yfirlýst markmið þeirrar byggðastefnu, sem lengi hefur verið fylgt hér á landi.

1. Inngangur

Komið hafa upp hugmyndir um að leggja sérstakt gjald, svokallað veiðigjald¹ á kvótabundnar fiskveiðar. Slíkt gjald hefði ugglauð margvíslegar afleiðingar. Þeirra á meðal má nefna breytingar í hlutfallslegum skattgreiðslum byggðarlöganna til ríkissjóðs. Ástæðan er sú, að sjávarútvegur er mjög misveigamikill þáttur í atvinnulífi hinna ýmsu byggðarlaga. Í stórum dráttum er hann tiltölulega veigamestur í dreifbýlustu landshlutunum en veigaminnstur í þeim þéttbýlustu. Því er líklegt að sú skattbyrði, sem í veiðigjaldi gæti falist, bitni misjafnlega á landshlutum og einstökum byggðarlögum.

Mikilvægt er að átta sig á því að form veiðigjaldisins skiptir litlu máli í þessu samhengi. T.a.m. gildir einu, hvort veiðigjald er innheimt sem sérstök peningagreiðsla fyrir kvótaúthlutun eða kvótanotkun (þ.e. afla) eða sem upptaka á hluta (t.d. 5%) veiðiheimilda til hins opinbera á ári hverju. Hvort tveggja skerðir fjárhag greiðenda með sama hætti. Mismunurinn liggur einungis í formi greiðslunnar—annars vegar í peningum og hins vegar í fríðu. Með því að veiðiheimildir eru auðseljanlegar og kaupanlegar á markaði fela báðar aðferðirnar í sér því sem næst sömu skattbyrði.

Í þessari greinargerð er gerð tilraun til að grafast fyrir um áhrif veiðigjalds á skattbyrði eftir byggðarlögum. Ljóst er, að sé veiðigjald lagt á með þeim hætti, að aðrir skattar í ríkissjóð séu lækkaðir samsvarandi, myndi veiðigjald hækka skatta í sumum byggðarlögum en lækka þá í öðrum. Í greinargerðinni er reynt að leggja tölulegt mat á þessar breytingar. Fylgi veiðigjald hins vegar ekki lækkun annarra skatta mun skattbyrði flestra byggðarlaga hækka, en engra lækka. Hlutfallslegar breytingar í skattbyrði eftir landshlutum yrðu hins vegar svipaðar og áður.

Ljóst má vera, að hvað skattbyrði byggðarlaga snertir, eru það einungis skattgreiðslur til og frá byggðarlaginu, sem skipta máli. Skattgreiðslur innan byggðarlagsins t.d. til sveitarsjóða endurspeglar fyrst og fremst samneyslu fólksins í byggðarlaginu og millifærslur þess á meðal. Þær eru ekki fjárstreymi úr byggðarlaginu. Þær eru því ekki mælikvarði á skattbyrði byggðarlagsins sem heildar. Því er í greinargerðinni einungis miðað við skatta til ríkissjóðs, en ekki gjöld til sveitarfélaga.

¹ Einnig kallað veiðileyfagjald, auðlindagjald og auðlindaskattur.

Jafnframt er eftir mætti miðað við nettóskatta, þ.e. tekjuskatta að frádregnum tekjutengdum bótum, s.s. barnabótum.

Sú breytta skattbyrði, sem til umræðu er í þessari greinargerð, mælir því öðru fremur breytingar í heildargreiðslum viðkomandi byggðarlags í ríkissjóð. Hún er m.ö.o. mælikvarði á það, hversu miklu meiri eða minni upphæðir hverfa úr byggðarlaginu í ríkissjóð. Að þessu leyti er hún jafnframt mælikvarði á breytta fjárhagslega getu byggðarlaganna í kjölfar þess, að veiðgjald sé tekið upp.

Áður en lengra er haldið, er rétt að vekja athygli á því, að mörg álitamál eru því samfara að áætla breytta skattbyrði samfara veiðigjaldi. Um ýmis þessara álitamála er fjallað hér að neðan. Aðalatriðið er þó, að hinum tölulegum niðurstöður um breytta skattbyrði, sem finna má í þessari greinargerð verður að taka með viðeigandi fyrirvörum. Hér er ekki um að ræða nákvæmar mælingar heldur mat, sem gert er til þess að gefa hugmynd um stærðargráður þeirra breytinga í skattbyrði sem fylgt gæti álagningu veiðigjalds.

Í greinargerðinni er ekkert fjallað um notkun skatttekna af veiðigjaldi. Notkun þeirra gæti vissulega vegið upp á móti breytingunum í skattbyrðinni. Litlar forsendur eru hins vegar til að ætla að landshlutaskipting ríkisútgjalda breytist með tilteknun hætti með tilkomu veiðigjalds. Raunar virðist sennilegast að þær breytist alls ekki, ekki síst ef veiðigjald kemur í staða annarra skatta eins og oftast er við miðað.

Í greinargerðinni er sem fyrr segir gert ráð fyrir þeim möguleika, að aðrir skattar verði lækkaðir til jafns við veiðigjald. Á hinn bóginn er ekki fjallað um hugsanleg áhrif sjálfrar innheimtu veiðigjaldsins á greiðslubyrði annarra skatta, s.s. tekjuskatts, samkvæmt gildandi reglum. Ekki er ósennilegt, að þeir sem greiða munu veiðigjaldið (væntanlega útgerðarfyrirtækin a.m.k. í fyrstu umferð) geti lækkað aðrar skattgreiðslur sínar t.a.m. tekjuskatt á móti. Að því marki sem þetta er unnt mun draga úr þeim breytingum í skattbyrði eftir landshlutum, sem veiðigjaldið annars ylli.

Útreikningar á breyttri skattbyrði hljóta eðli málsins samkvæmt að hefjast í núverandi skattbyrði. Fyrirliggjandi gögn af því tagi og sundurgreint tölfræðilegt skattaefni yfirhöfuð takmarkast aðallega við skattaumdæmin. Skattaumdæmin ná á hinn bóginn í aðalatriðum yfir sömu landshluta og kjördæmi landsins. Eftirfarandi efni miðast því einkum við breytta skattbyrði eftir kjördæmum. Sé einungis miðað við tekjuskattsþyrði er þó jafnframt unnt að leggja mat á áhrif veiðigjalds á skattbyrði eftir

sveitarfélögum. Um það er stuttlega fjallað í kafla 4.2. Nánari reikninga er finna í viðauka 2.

2. Ýmsar forsendur reikninganna

Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir helstu forsendum reikninganna. Þær eru sem hér segir:

1. Miðað er við grunnárið 1995. Reikningar þessarar skýrslu sýna m.ö.o. breytta skattbyrði miðað við að umrætt veiðigjald hefði verið innheimt á árinu 1995, en ekkert annað breyst.²
2. Veiðigjald er lagt á aflaverðmæti á árinu 1995. Með því að fiskafla er yfirleitt landað í heimahöfn, breytir annars konar álagning veiðigjalds s.s. á kvótaúthlutun fremur litlu um niðurstöðurnar.³
3. Gert er ráð fyrir, að tekjuskattur lækki sem nemur álagningu veiðigjalds, þannig að heildartekjur ríkissjóðs breytist ekki.⁴ Lækki tekjuskattur ekki til móts við veiðigjald mun skattbyrði einstakra landshluta auðvitað verða þeim mun þyngri. Á hinn bóginn mun breyting í dreifingu skattbyrðarinnar verða svipuð.
4. Þrjú dæmi eru reiknuð:
 - (1) Veiðigjald upp á því sem næst 6 milljarða kr. (nálægt 12,3% af aflaverðmæti 1995).
 - (2) Veiðigjald upp á u.þ.b. 9,7 milljarða (nálægt 20% af aflaverðmæti 1995).
 - (3) Veiðigjald upp á því sem næst 16 milljarða (nálægt 33% af aflateðmæti 1995 og í námunda við nettó tekjuskatt einstaklinga í ríkissjóð á sama ári).

² Auðvitað er það svo, að hefði umrætt veiðigjald verið lagt á á því ári (eða einhverju öðru) hefði fjölmargt breyst. Þær afleiðingar eru hins vegar ekki viðfangsefni þessarar skýrslu.

³ Í framkvæmd myndi veiðigjald á aflaverðmæti væntanlega vera breytilegt eftir tegundum í samræmi við kvótavirði þeirra. Þessi ónákvæmni reikninganna skiptir þó óverulegu máli fyrir viðfangsefni þessarar skýrslu.

⁴ Þó er í kafla 4.1, töflu 3 stuttlega gerð grein fyrir áhrifum þess að halda öðrum sköttum óbreyttum.

5. Reiknuð er breytt hlutfallsleg skattbyrði m.v:
 - (1) Nettó-tekjuskatt einstaklinga⁵
 - (2) Heildartekjuskatt, þ.e. nettó-tekjuskatt einstaklinga og fyrirtækja
 - (3) Heildartekjuskatt og virðisaukaskatt

Reiknuð breytt skattbyrði er einkum miðuð við tekjuskattsgreiðslur ársins 1995 og reiknuð sem hlutfall af þeim. Þetta sýnist ekki óeðlilegt, ekki hvað síst ef veiðigjald á að koma í stað tekjuskatts. Þar við bætist, að torvelt er að afla gagna um greiðslu annarra skatta á byggða- eða landshlutagrundvelli. Með hjálp mats á virðisaukaskatti eftir kjördænum er þó einnig reynt að meta breytingar í skattbyrði m.v. summu tekjuskatts og virðisaukaskatts.

3. Gagnaefni

Gagnaefni það, sem reikningarnir byggjast á kemur víða að. Aflaverðmæti eftir landshlutum og byggðarlögum er samkvæmt Útvegi 1995. Gögn um skatta, tekjuskatta og virðisaukaskatt eftir landshlutum eru fengin frá fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóra. Upplýsingar um mannfjölda og meðaltekjur koma frá Þjóðhagsstofnun. Gögn um úthlutaðan kvóta eru samkvæmt samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu.

Grunngögn þau, sem notuð eru í reikningunum og uppruni þeirra eru nánar rakin í Töflu 1

⁵ Þ.e. tekjuskatt í ríkissjóð að frádregnum beinum tekjutengdum bótum s.s. barnabótum.

TAFLA 1. Grunn gögn
Töluleg samantekt fyrir árið 1995

	Suðurland	Reykjanes	Reykjavík	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. v.	Norðurl. a.	Austurland	Landið allt	Helmiðir/Aðferðir
Mannföldi	20.880	69.149	103.020	14.292	9.453	10.293	26.785	12.911	266.783	Pjóðhagstofnun
Meðaltekkjur (þús. kr.)	1.417	1.542	1.462	1.437	1.605	1.420	1.407	1.461	1.477	Pjóðhagstofnun
Kvóti 95/96 (þ.ig.tonn)	57.148	67.194	35.763	39.085	42.430	24.406	71.014	48.115	385.155	Fiskistofa
Afl (tonn)	300.822	327.542	184.688	151.323	76.204	26.717	251.750	191.655	1.510.701	Útvegur 1995, Ráðstöfun afla eftir heimahöfn
Aflaverðmætti (þús. kr.)	6.671.336	8.818.354	5.356.290	5.214.914	5.479.586	2.571.500	9.073.294	5.501.663	48.686.937	Útvegur 1995, Ráðstöfun afla eftir heimahöfn
Hlutd. í aflaverðin. alss	13,7%	18,1%	11,0%	10,7%	11,3%	5,3%	18,6%	11,3%	100,0%	
Meðalverð (kr./kg.)	22	27	29	34	72	96	36	29	32	Aflaverðmætti/Aflí
Aflaverðm. per íbúa (þ. kr.)	320	128	52	365	580	250	339	426	182	Aflaverðmætti/Mannfjöldi
Tekjuskatt. einstakl. (þ. kr.)	1.008.256	6.011.690	8.789.628	805.413	805.895	479.782	1.493.961	770.468	20.165.092	Fjármálaráðuneyti
á íbúa (þ. kr.)	48	87	85	56	85	47	56	60	76	Tekjusk. einst./Mannfjöldi
Tekjuskatt. lögaðila (þ. kr.)	149.927	1.001.380	3.428.429	62.472	80.607	75.045	215.373	119.277	5.132.510	Skattstjóri Ríkisins
Tekjuskatt samtals (þ. kr.)	1.158.183	7.013.070	12.218.057	867.885	886.502	554.827	1.709.334	889.745	25.297.602	Tekjusk. einst.+Tekjusk. lögaðila
Aætl. virðisaukaskatt. (þ. kr.)	1.941.000	6.387.000	32.383.000	1.305.000	21.000	96.000	2.057.000	335.000	44.525.000	Arsskýrsla 1995, vsk-skrifstofa
á íbúa (þ. kr.)	93	92	314	91	2	9	77	26	167	

Tekjuskattar einstaklinga eru fengir með því að stýrðast við álagningu 1996. Tekjuskattur eru auk sérstaks tekjuskatts, að frádegnum útsvari, barnabótaauka og vaxtabótum Tekjuskattur einstaklinga í þessari töflu er því nokkurs konar nettó eða hreinn tekjuskattar einstaklinga er hér talinn um 20,2 milljarðar kr. á árinu 1995, en er skv. ríkistrekningi 16,8 milljarðar kr. Mismunurnar liggar væntanlega í örnum endurgreiðslum auk mismunur á álagningu og innheimtu. Að bessu leyti er hreinn tekjuskattar einstaklinga í þessari töflu ofráættlaður. Virðisaukaskattur er ættlaður sem summa virðisaukaskatts skipt á skattaumdæmi í hlutfalli við virðisaukaskattskylda veltu í hverju skattumdæmi.

4. Helstu niðurstöður

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu niðurstöður um breytingar í skattbyrði byggðarlaga í kjölfar álagningar veiðigjalds. Fyrst og fremst er fjallað um landshlutana, þ.e. skattaumdæmin eða kjördæmin. Þar er tiltölulega auðvelt um vik, þar sem gagnaefni um skattheimtu, bæði tekjuskatt og virðisaukaskatt,⁶ miðast gjarnan við skattaumdæmin. Um sveitafélögin gegnir nokkru öðru máli.⁷ Þar er að vísu tiltölulega auðvelt að áætla veiðigjald. Fyrirliggjandi skattheimtugögn eru hins vegar takmörkuð og ná nánast einvörðungu til tekjuskattsins. Þó er í síðari hluta þessa kafla farið yfir nokkur dæmi um breytta skattbyrði í sveitafélögum. Nánari niðurstöður fyrir bæði skattaumdæmin og sveitarfélögin eru raktar í tölulegu yfirliti í viðaukum við þessa skýrslu.

4.1 Landshlutar

Hugum fyrst að þeim breytingum í heildarsköttum, sem viðkomandi landshlutar myndu greiða í ríkissjóð, ef til veiðigjalds og samsvarandi lækkunar annarra skatta (tekjuskatts) kæmi. Helstu niðurstöður, hvað þetta snertir, eru raktar í Töflu 2

TAFLA 2. Breyting í skattheimtu í kjölfar veiðigjalds (samvarandi lækkun tekjuskatts)

Landshlutar	Veiðigjald 6 milljarðar kr.		Veiðigjald 9.7 milljarðar kr.		Veiðigjald 16 milljarðar kr.	
	Breyting skatth. (m. kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)	Breyting skatth. (m. kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)	Breyting skatth. (m. kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)
	Suðurland	521	25	847	41	1.398
Reykjanes	-701	-10	-1.139	-16	-1.880	-27
Reykjavík	-1.951	-19	-3.173	-31	-5.236	-51
Vesturland	402	28	654	46	1.079	76
Vestfirðir	435	46	707	75	1.166	123
Norðurl. v.	174	17	283	27	466	45
Norðurl. e.	672	25	1.093	41	1.804	67
Austurland	448	35	728	56	1.202	93
Samtals:	0	0	0	0	0	0

⁶ Sem eru í námunda við 60% af heildarskattheimtu í ríkissjóð.

⁷ Nema Reykjavík og Vestmannaeyjar, sem eru sérstök skattaumdæmi.

Eins og sjá má í Töflu 2 er í öllum tilfellum um talsverðar skattalækkanir að ræða á Reykjanesi og þó enn frekar Reykjavík, en verulegar skattahækkanir í öllum öðrum kjördæmum. Þetta þýðir í stuttu máli, að yrði veiðigjald lagt á með umræddum hætti, færðist byrðin af fjármögnun samneyslunnar að umtalsverðu leyti frá þéttbýlissvæðinu á suðvesturlandshorni landsins til útgerðarsvæðanna í öðrum landshlutum.

Til að varpa skýrara ljósi á þær breytingar í skattbyrði, sem um er að ræða, hefur í Töflu 2 jafnframt verið reiknuð breyting í skattheimtu á hvern íbúa í viðkomandi skattaumdæmi. Samkvæmt þeim niðurstöðum eru þessar breytingar í ýmsum tilvikum mjög verulegar. Sérstaklega er áberandi, hversu skattbyrði á þennan mælikvarða þyngist mikið á Vestfjörðum og Austurlandi.

Hins vegar er rétt að vara við því að túlka þessar niðurstöður sem mælikvarða á breytingar í persónulegri skattbyrði á viðkomandi stöðum. Væntanlega yrði veiðigjaldið greitt af útgerðarfyrirtækjunum. Í fyrstu umferð yrði það því skattbyrði þeirra, sem myndi þyngjast en ekki einstaklinganna á svæðinu, hvað sem síðar yrði. Einstaklingar í hópi tekjuskattsgreiðenda myndi yfirleitt njóta skattalækkunar vegna lækkunar tekjuskatts. Ofangreindar tölur um breytta skattbyrði á einstakling ber því öðru fremur að túlka sem mælikvarða á breytingar í framlagi landshlutans í ríkissjóð til að standa undir sameiginlegum útgjöldum landsmanna skipt á þá einstaklinga, sem að baki standa.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að gefa því gaum, að breyting í sköttum fyrirtækja er jafnan borin af eigendum þeirra og yfirleitt einnig starfsmönnum þeirra þegar öll kurl eru til grafar komin. Ætla má að þorra eigenda og starfsmanna fyrirtækjanna sé að finna í þeim landshlutum þar sem fyrirtækin starfa.⁸ Í þessu ljósi eru viss rök fyrir því að skoða breytingar í sköttum á mann sem vísbendingu um persónulegt tekjutap að meðaltali í viðkomandi landshluta.⁹

⁸ Rétt er að veita því athygli, að yfirstandandi þróun í átt að almenningshlutafélögum í sjávarútvegi hefur væntanlega þau áhrif að dreifa eignarhaldi þeirra miklu víðar um landið en áður hefur verið.

⁹ Hér er jafnframt rétt að ítreka það sem nefnt var í inngangi, að þessi skýrsla fjallaði ekki um áhrif veiðigjalds á byggðadreifingu annarra skatta samkvæmt gildandi reglum né hugsanlegar afleiðingar þess á fyrirtækja- og byggðamynstrið í landinu.

Verði ekki um skattalækkanir á móti veiðigjaldi að ræða, munu heildarskattar á hverjum stað auðvitað hækka og hvergi lækka. Litlum tilgangi gegnir að geta sér til um ástæður þess, að stjórnvöld kysu að nota veiðigjald til að auka skattheimtu eða meta líkur á slíkri niðurstöðu. Á hinn bóginn er augljóst að slík leið myndi auðvelda það mjög að reka ríkissjóð hallalaust. Breytingar í skattheimtu eftir landshlutum miðað við enga lækkun annarra skatta eru raktar í Töflu 3.

TAFLA 3. *Breyting í skattheimtu í kjölfar veiðigjalds (engin lækkun annarra skatta)*

Landshlutar	Veiðigjald 6 milljarðar kr.		Veiðigjald 9.7 milljarðar kr.		Veiðigjald 16 milljarðar kr.	
	Breyting skatth. (m. kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)	Breyting skatth. (m. kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)	Breyting skatth. (m. kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)
Suðurland	821	39	1.334	64	2.202	105
Reykjanes	1085	16	1.766	26	2.910	42
Reykjavík	659	6	1.071	10	1.767	17
Vesturland	641	45	1.043	73	1.721	120
Vestfirðir	674	71	1.096	116	1.808	191
Norðurl. v.	316	31	514	50	849	82
Norðurl. e.	1116	42	1.815	68	2.994	112
Austurland	677	52	1.100	85	1.816	141
Samtals:	5.988	22	9.737	36	16.067	60

Frekari mynd af breytingum skattbyrði í kjölfar veiðigjalds má fá með því að reikna breytinguna sem hlutfall af greiddum sköttum í viðkomandi landshlutum. Miklum erfiðleikum er bundið að skipta allri skattheimtu hins opinbera á landshluta. Margir skattstofnar, þ.á.m. virðisaukaskattur, aðflutningsgjöld, vörugjöld, einkasolutekjur ÁTVR o.fl., eru með þeim hætti að torvelt er að rekja greiðendur til einstakra landshluta. Því hefur verið tekinn sá kostur, að miða hina breyttu skattbyrði annars vegar við greiddan nettó-tekjuskatt¹⁰ í skattumdæmunum (enda þær hagtölur til staðar) og hins vegar við greiddan nettó-tekjuskatt að viðbættum áætluðum virðisaukaskatti. Virðisaukaskattur eftir landshlutum er áætlaður sem summa nettó virðisaukaskatts (þ.e. útskatts að frádegnum innskatti) eftir landshlutum og virðisaukaskatts á innflutning skipt á landshluta í hlutfalli við virðisaukaskattskylda veltu þeirra. Rétt er að taka það skýrt fram, að þessi áætlaði virðisaukaskattur eftir landshlutum gefur að sjálfsögðu ekki sérlega góða vísbendingu um búsetu þeirra, sem

¹⁰ Þ.e. tekjkatt til ríkisins að frádegnum barnabótum, vaxtabótum o.s.frv.

raunverulega greiða virðisaukaskattinn.¹¹ Eftirfarandi niðurstöður ber því að túlka í þessu ljósi. Þess má að lokum geta, að tekjuskatturinn og virðisaukaskatturinn eru langveigamestu skattstofnar ríkisins eða um 3/5 af heildarskattheimtu þess.

Niðurstöður þessa mats á breytingum í hlutfallslegri skattbyrði eru raktar í Töflu 4. Myndræna framsetningu er jafnframt að finna á Myndum 1-4.

**TAFLA 4. Breyting í hlutfallslegri skattheimtu í kjölfar veiðigjalds
(tekjuskattur lækkar til jafns við tekjur af veiðigjaldi)**


Landshlutar	Veiðigjald		Veiðigjald		Veiðigjald	
	6 milljarðar kr.		9,7 milljarðar kr.		16 milljarðar kr.	
	Breyting skatth. mv. tekjusk. & vsk.	Breyting skatth. mv. tekjusk. & vsk.	Breyting skatth. mv. tekjusk.	Breyting skatth. mv. tekjusk.	Breyting skatth. mv. tekjusk. & vsk.	Breyting skatth. mv. tekjusk. & vsk.
Suðurland	45,0%	16,8%	73,2%	27,3%	120,7%	45,1%
Reykjanes	-10,0%	-5,2%	-16,2%	-8,5%	-26,8%	-14,0%
Reykjavík	-16,0%	-4,4%	-26,0%	-7,1%	-42,9%	-11,7%
Vesturland	46,3%	18,5%	75,4%	30,1%	124,3%	49,7%
Vestfirðir	49,0%	47,9%	79,7%	77,9%	131,5%	128,5%
Norðurl. v.	31,3%	26,7%	50,9%	43,4%	84,0%	71,7%
Norðurl. e.	39,3%	17,9%	64,0%	29,0%	105,5%	47,9%
Austurland	50,3%	36,6%	81,9%	59,5%	135,1%	98,1%

Eins og sjá má í Töflu 4 þýðir álagning veiðigjalds og samsvarandi lækkun tekjuskatts verulegra breytingar í skattbyrði eftir landshlutum. Skattbyrðin í Reykjavík og Reykjanesi lækkar umtalsvert en hækkar stórlægum í öllum öðrum kjördæmum.


Á Reykjanesi (vætanlega þéttbýli Reykjaness) og í Reykjavík jafngildir veiðigjald upp á 6 milljarða kr. og tilsvarandi lækkun tekjuskatts frá 7% til 12% lækkun tekjuskatts. Fyrir hin kjördæmin jafngildir þessi álagning veiðigjalds hins vegar frá 19% og upp í 36% lækkun tekjuskattsgreiðslna. Hækjunin er mest á Vestfjörðum og Austurlandi en minnst í Norðurlandskjördæmi vestra. Sé miðað við 16 milljarða kr. veiðigjald eru breytingarnar enn stórvægilegri. Í því tilfelli samsvarar álagning veiðigjalds 20-33% lækkun tekjuskattbyrði á Reykjanesi og í Reykjavík, en 51-98%

¹¹ Með tillit til þess, að íbúar dreifbýlisins kaupa talsverðan hluta neysluvara sinna á höfuðborgarsvæðinu er t.a.m. líklegt að þessi aðferð ofmeti virðisaukaskatt þann, sem íbúar höfuðborgarsvæðisins greiða, en vanmeti þann virðisaukaskatt, sem íbúar utan þess svæðis greiða.

hækkun hennar í öðrum kjördæmum. Þessum breytingum í skattbyrði er nánar lýst í Myndum 1 og 2.




MYND 1. *Breytt skattbyrði m.v. tekjuskatt alls: Veiðigjald 6 milljarðar kr.*




MYND 2. *Breytt skattbyrði m.v. tekjuskatt alls: Veiðigjald 16 milljarðar kr.*

Breytingar í hlutfallslegrí skattbyrði miðað við samanlagðan tekjuskatt og virðisaukaskatt segja svipaða sögu. Reykjavík og Reykjanes hagnast á breytingunni, en hin kjördæmin tapa. Hlutfallsbreytingarnar eru auðvitað talsvert minni, þótt enn séu þær mjög verulegar.



MYND 3. *Breytt skattbyrði m.v. tekjuskatt og virðisaukaskatt:*
Veiðigjald 6 milljarðar kr.



MYND 4. *Breytt skattbyrði m.v. tekjuskatt og virðisaukaskatt: Veiðigjald 16 milljarðar kr.*

4.2 Sveitarfélög

Hér á eftir fylgja útreikningar á því, hvernig álagning veiðigjalds og tilsvarandi lækkun tekjuskatts myndi breyta skattbyrði í einstökum sveitarfélögum. Tekin eru dæmi af allmögum sveitarfélögum, sem samkvæmt gögnum Fiskifélags Íslands töldust hafa aflaverðmæti á árinu 1995 og hefðu því greitt veiðigjald. Eru niðurstöðurnar raktar í Töflu 5. Í viðauka þessarar skyrslu er að finna sömu útreikninga yfir öll þau sveitarfélög, sem eru skráð með aflaverðmæti á árinu 1995. Rétt að hafa í huga, að það eru mun fleiri sveitarfélög á landinu. Þau sveitarfélög munu einvörðungu njóta góðs af þeirri breytingu, að veiðigjald komi í stað tekjuskatts.


Auk breytinga í heildarskattgreiðslum er í Töflu 5 einnig lagt mat á hlutfallslega breytingu í skattbyrði. Því miður voru ekki fyrir hendi forsendur til að áætla virðisaukaskatt í einstökum sveitarfélögum. Jafnframt lágu ekki fyrir upplýsingar um tekjuskatt þeirra fyrirtækja, sem staðsett eru í viðkomandi sveitarfélögum. Því var einungis unnt að reikna hlutfallslega breytingu í skattbyrði miðað við tekjuskatt einstaklinga.

TAFLA 5. Breyting í skattheimtu í kjölfar veiðigjalds (samsvarandi lækkun tekjuskatt)

Sveitarfélög	Veiðigjald 6 milljarðar kr.			Veiðigjald 16 milljarðar kr.		
	Breyting skatth. (m.kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)	Hlutfalls. breyting (m.v. tekjusk einstakl.)	Breyting skatth. (m.kr.)	Breyting á íbúa (þús. kr.)	Hlutfalls. Breyting (m.v. tekjusk. einstakl.)
Suðurland						
Vestmannaeyjar	448	93	96,3%	1.202	250	258,3%
Eyrarbakki	2	3	5,4%	4	8	14,4%
Selfoss	-52	-12	-24,0%	-139	-33	-64,5%
Þorlákshöfn	161	99	129,6%	432	265	347,8%
Reykjanes						
Grindavík	306	141	136,8%	821	379	367,1%
Reykjanesbær	23	2	2,9%	66	6	7,8%
Hafnarfjörður	-101	-6	-9,3%	-272	-15	-24,8%
Kópavogur	-412	-23	-29,3%	-1.107	-63	-78,8%
Reykjavík	-1.910	-18	-22,2%	-5.127	-49	-59,5%
Vesturland						
Akranes	90	18	22,9%	240	47	61,5%
Borgarbyggð	-21	-10	-26,4%	-58	-27	-70,7%
Snæfellsbær	213	117	146,7%	571	313	393,5%
Stykkishólmur	42	32	49,6%	113	87	133,0%
Vestfirðir						
Vesturbýggð	65	49	77,9%	175	131	209,1%
Bolungarvík	35	32	33,4%	93	86	89,7%
Ísafjörður	159	47	35,5%	427	126	95,3%
Hólmavík	37	69	106,0%	99	186	284,4%
Norðurland v.						
Blönduós	13	13	16,4%	35	34	44,1%
Skagaströnd	75	112	94,1%	202	302	252,6%
Sauðárkrúkur	63	23	39,0%	169	61	104,7%
Siglufjörður	85	50	57,4%	229	133	154,1%
Norðurland e.						
Ólafsfjörður	127	107	136,2%	342	286	365,3%
Grímsey	14	116	246,5%	36	311	661,2%
Akureyri	247	17	27,3%	661	44	73,3%
Grenivík	88	239	404,5%	235	642	1085,1%
Húsavík	35	93	104,8%	232	93	122,8%
Austurland						
Vopnafjörður	31	36	101,7%	83	95	273,0%
Egilstaðir	-21	-14	-29,3%	-58	-36	-78,6%
Neskaupstaður	104	66	-63,3%	279	178	169,8%
Djúpavogur	41	69	171,1%	109	185	459,1%
Hornarfjörður	116	53	73,8%	310	142	198,0%

Tafla 5 sýnir miklar breytingar í skattbyrði á milli sveitarfélaga í kjölfar veiðigjalds frá verulegri lækkun í mjög verulega hækjun. Það kemur ekki á óvart að lækkunin er að sjálfsögðu mest þar sem sjávarútvegur er tiltölulega lítt hluti atvinnulífsins (t.d. Reykjavík, Kópavogur, Selfoss, Egilstaðir, Borgarbyggð), en hækjunin mest þar sem hann er tiltölulega stór hluti atvinnulífsins (t.d. Vestmannaeyjar, Grindavík, Snæfellsbær, Súðavík, Skagaströnd, Ólafsfjörður og Djúpavogur). Miðað við veiðigjald upp á 16 milljarða kr. og samsvarandi lækkun tekjuskatts lækka skattgreiðslur Reykviðinga í ríkissjóð um liðlega 5 milljarða króna og 1 milljarð króna í Kópavogi. Þær hækka hins vegar um riflega 1 milljarð króna í Vestmannaeyjum, hátt í 1 milljarð króna í Grindavík, á sjöunda hundruð milljón króna á Akureyri, nálægt hálfan milljarð kr. í Snæfellsbæ og á Ísafirði og í námunda við 300 milljón krónur á Neskaupstað og á Hornafirði. Lækkun á hvern íbúa er mest í Reykjavík og Kópavegi, allt að 50-60 þús. krónur á hvern íbúa, þegar veiðigjald nemur 16 milljörðum kr. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga, að fjölmörg sveitarfélög hafa enga útgerð og munu því væntanlega lækka skattgreiðslur sínar til ríkisins um enn hærri upphæðir, verði veiðigjald lagt á með umræddum hætti. Hækjun skattgreiðslna á íbúa er mest í Grindavík, Snæfellsbær, Skagaströnd og Grímsey, yfir 300 þús. kr. á íbúa. Hlutfallsleg breyting skattbyrði miðað við tekjuskatt einstaklinga getur hæglega mælst í hundruðum prósenta. Í Grímsey mælist hún t.d. hátt í 700%. Önnur sveitarfélög, sem ekki eru skráð í Töflu 5 en finna má í viðauka 2, verða fyrir enn meiri hlutfallslegri aukningu skattbyrði.

Til að varpa frekara ljósi á stærðargráðu breytinga í skattbyrði sveitarfélaga í kjölfar veiðigjalds og samsvarandi lækkunar tekjuskatts eru tekin dæmi um nokkur sveitarfélög í Mynd 5.



MYND 5. Breyting í sköttum á einstakling
(Veiðigjald 16 milljarðar kr. og samsvarandi lækkun tekjuskatts)

